

AUGLÝSING

um breytingu á samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985.

1. Við 1. gr. samþykktanna komi nýr töluliður 1.4. svohljóðandi:

Fjölís er heimilt að annast hagsmunagæslu fyrir aðildarfélögin á sviði eintakagerðar á útgefnum verkum í véllæsilegu formi eftir því sem hvert aðildarfélag kann að ákveða.

2. Grein 7.3. fellur niður og í stað síðustu málsgreinar í 7. gr. komi svohljóðandi málsgrein:

Samþykktir þessar, sem settar eru í samræmi við 15. gr. a. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 5. gr. laga nr. 57/1992 um breytingu á þeim lögum, staðfestast hér með og taka þegar gildi.

Með vísun til 15. gr. a. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. 5. gr. laga nr. 57/1992 um breytingu á þeim lögum, tilkynnist að menntamálaráðuneytið staðfestir framangreindar breytingar til þess að öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. maí 1998.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 425 19. júlí 1995.

1. gr.

Liður 3.1 í viðauka I orðist þannig:

Mesta leyfileg heildarþyngd miðað við afstöðu ásanna:

Heildarþyngd í tonnum á fjórása bifreið má ekki fara yfir sexfalda fjarlægð í metrum milli fremsta og aftasta áss ökutækisins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.